

Alþingi
Erindi nr. P 122/471
komudagur 1422/47

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sólveigar Pétursdóttur

Frá: Friðgeiri Björnssyni dómstjóra í Reykjavík.
Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara.
Sigurði T. Magnússyni héraðsdómara.

Reykjavík, 9. desember 1997

Í framhaldi af fundi sem við áttum með allsherjarnefnd Alþingis 4. desember sl. þykir okkur rétt að koma á framfæri tillögum að þeim lágmarksbreytingum sem við teljum að gera ætti á frumvarpi til dómstólalaga.

1. Um dómstólaráð.

Aðallega er lagt til að dómstólaráð taki til starfsemi Hæstaréttar Íslands og héraðsdómstólanna. Sú breyting á starfssviði dómstólaráðs kallar á viðamiklar breytingar á ýmsum ákvæðum II. og III. kafla frumvarpsins. Um skipun dómstólaráðs gæti komið svofellt ákvæði:

13. gr. 2. málslíður 13. gr. hljóði svo: *Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum, en einn af Hæstarétti.*

Ef ekki þykir tækt að dómstólaráð nái til Hæstaréttar hljóði **2. málslíður** svo:

Héraðsdómarar kjósa tvo þeirra úr sínum röðum en þriðja mann skulu þeir kjósa utan sinna raða.

Einnig kæmi til greina að breyta ákvæðinu þannig að það hljóðaði svo:

Í dómstólaráði eiga sæti þrír menn. Tveir þeirra skulu kjörnir af héraðsdómurum úr þeirra röðum en sá þriðji kjörinn af Hæstiréttur Íslands og skal hann ekki vera starfandi dómari.

14. gr. Ef dómstólaráð nær einnig til Hæstaréttar þarf að breyta þessari grein til samræmis við það og öðrum greinum sem nauðsynlegt kann að vera að breyta.

2. Um flutningsskyldu héraðsdómara skv. 15. gr.

Spurning er hvort ekki eigi að fella niður ákvæði um að dómarar séu ekki skipaðir við ákveðinn dómstól og þess í stað verði reglur sem tryggja lipurlegan flutning á milli dómstóla með samþykki dómara.

5. mgr. 15. gr. falli niður þ.e. nauðungarflutningaákvæðið

Eins kæmi til greina að ákvæði 15. gr. um nauðungarflutninga yrði alfarið fellt út en tilfærsla héraðsdómara gerð möguleg með svofelldum ákvæðum:

15. gr.

Dómstólaráð ákveður við hvaða héraðsdómstól nýir dómara skuli taka fast sæti. Þegar embætti héraðsdómara er laust skal dómstólaráð taka ákvörðun um starfsvettvang væntanlegs dómara áður en það er auglýst laust til umsóknar.

Dómstólaráð getur fært dómara á nýjan starfsvettvang með samþykki hans, tímabundið eða varanlega.

3. Um setningu héraðsdómara skv. 2. mgr. 20. gr.

Óheppilegt verður að teljast og óþarft að setja sérákvæði um setningu dómara. Eftirfarandi breytingar á 2. mgr. 20. gr. eru því lagðar til.

1. málsgrein 2. mgr. falli niður þ.e. frá: "Nú hefur héraðsdómari..... mæli með því".

2. mgr. orðist svo:

"Ráðherra getur að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómstólaráðs auglýst embættið laust setningar meaðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómstólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans."

4. Bráðabirgðaákvæði.

Til að tryggja, að héraðsdómstólar geti aðlagast þeim breytingum sem niðurlagning starfa dómarafulltrúa hefur í för með sér og afgangi mála teffist ekki af þeim sökum er lagt til að dómurum verði fjölgað tímabundið. Því verði bætt við frumvarpið bráðabirgðaákvæði þess efnis að dómurum verði fjölgað í 42 tímabundið í 5 ár. Þó verði stöðunum fækkað smám saman ef viðkomandi dómara fá fasta skipun í dómaraembætti. Dómstólaráð taki ákvörðun um hvar starfsvettvangur þessara dómara verður.

5. Þóknun fyrir setu héraðsdómara í fjölskipuðum dómum.

Þess er óskað að allsherjarnefnd Alþingis taki afstöðu til þess hvort rétt sé að gera ráð fyrir breyttri skipan á þóknun héraðsdómara fyrir setu í fjölskipuðum dómum eins og gert er ráð fyrir í athugasemdum með 6. mgr. 15. gr. og 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins.